

EES-viðbætur

ISSN 1022-9337

við Stjórnartíðindi
Evrópusambandsins

Nr. 69

30. árgangur

28.9.2023

I	EES-STOFNANIR	
1.	Sameiginlega EES-nefndin	
II	EFTA-STOFNANIR	
1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
3.	EFTA-dómstóllinn	
III	ESB-STOFNANIR	
1.	Framkvæmdastjórnin	
2023/EES/69/01	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11086 – ARCELIK/ WHIRLPOOL EMEA MDA)	1
2023/EES/69/02	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11128 – IBERDROLA/BP/JV) ...	2
2023/EES/69/03	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11198 – TELEPERFORMANCE/ MAJOREL)	3
2023/EES/69/04	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11209 – ENI/NEPTUNE) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	4
2023/EES/69/05	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11211 – GEORG FISCHER/ UPONOR)	5
2023/EES/69/06	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11243 – KKR/TELEFONICA/ PANGEACO) – Candidate case for simplified procedure	6
2023/EES/69/07	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11272 – HAMBURGER ENERGIEWERKE/ANE) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	7
2023/EES/69/08	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11275 – MACQUARIE/ENEL/ ENEL GREEN POWER HELLAS) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	8

2023/EES/69/09	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11276 – SWISS LIFE/SGC/ EAST LONDON ENERGY/EQUANS DE HOLDING COMPANY/IESL ASSETS/JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	9
2023/EES/69/10	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11278 – TDR CAPITAL/ RING INTERNATIONAL/POPEYES UK) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	10
2023/EES/69/11	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11297 – KKR/INFRACAPITAL/ ZENOBÉ ENERGY) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	11
2023/EES/69/12	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.10606 – MUBADALA/NATIONALE-NEDERLANDEN/HEALTHCARE ACTIVOS MANAGEMENT/HAY/HAISA ENTITIES/SQA)	12
2023/EES/69/13	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11134 – NOVOFLEET/SHAREHOLDERS OF ANDAMUR/ROAD)	12
2023/EES/69/14	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11193 – BAOSTEEL/SAUDI ARAMCO/PIF/JV)	13
2023/EES/69/15	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11223 – PAI PARTNERS/INFRA GROUP)	13
2023/EES/69/16	Ríkisaðstoð – Ungverjaland Ríkisaðstoð SA.63470 (2022/C) (áður 2021/N) – Svæðisbundin fjárfestingaraðstoð í þágu Rubin NewCo 2021 Kft. Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins	14
2023/EES/69/17	Yfirlit um ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar um leyfi til að setja á markað vegna notkunar og/eða notkunar efna sem talin eru upp í XIV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar REACH)	15

ESB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja
(mál M.11086 – ARCELIK/WHIRLPOOL EMEA MDA)

2023/EES/69/01

1. Framkvæmdastjórninni barst 18. september 2023 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Arçelik A.Ş. („Arçelik“, Tyrklandi), sem tilheyrir Koç samstæðunni (Tyrklandi)
- Viðskipti Whirlpool („Whirlpool“, Bandaríkjunum) með öll helstu heimilistæki í Evrópu, Afríku og á Mið-Austurlöndum (andlag viðskiptanna „Target“)

Arçelik nær fullum yfirráðum sér í lagi, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir andlagi viðskiptanna (Target).

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Arçelik annast dreifingu á heimilistækjum og rafeindatækjum fyrir neytendamarkað um allan heim. Innan EES afhendir Arçelik öll helstu heimilistæki undir eftirfarandi vörumerkjum: Beko, Blomberg, Arctic, Altus, Grundig, Flavel, Leisure, Zenith og Elektrabregenz.
- Andlag viðskiptanna (Target) samanstendur af viðskiptum Whirlpool með öll helstu heimilistæki í Evrópu, Afríku og á Mið-Austurlöndum („EMEA“), m.a. undir eftirfarandi vörumerkjum sem tilheyra Whirlpool: Ariston ⁽²⁾, Indesit, Hotpoint, Ignis, Privileg, Polar, Laden og Bauknecht og einkaleyfi á Whirlpool vörumerkinu í allt að 40 ár á hluta af EMEA-svæðinu, m.a. á EES-svæðinu.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB C 339, 26.9.2023. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.11086 – ARCELIK/WHIRLPOOL EMEA MDA

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbréfi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfasími: +32 22964301

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Arçelik og Whirlpool eru enn að semja um skilyrði þess að réttindi Whirlpool á Ariston vörumerkinu verði hluti af andlagi viðskiptanna (Target).

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja
(mál M.11128 – IBERDROLA/BP/JV)

2023/EES/69/02

1. Framkvæmdastjórninni barst 21. september 2023 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Iberdrola Clientes, S.A.U (Spáni) og Iberdrola Clientes Portugal, Unipessoal, Lda (Portúgal), sem lýtur yfirráðum Iberdrola, S.A. („Iberdrola“, Spáni)
- BP Energía España, S.A.U. (Spáni) og BP Portugal, Comércio de Combustíveis e Lubrificantes, S.A. (Portúgal), sem lýtur yfirráðum BP, p.l.c. („BP“, Bretlandi)

Iberdrola og BP ná í sameiningu yfirráðum í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir sameiginlegu fyrirtæki með fulla starfsemi sem er nýstofnað á Spáni („JV“).

Samruninn á sér stað með hlutabréfakaupum í nýstofnuðu fyrirtæki sem er fyrirtæki um sameiginlegt verkefni.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Iberdrola: alþjóðlegt samþætt orkufyrirtæki og tekur starfsemi þess til allrar virðiskeðju orkugeirans, með sérstakri áherslu á samþættingu, markaðssetningu og dreifingu endurnýjanlegrar orku.
- BP: samþætt fyrirtæki með starfsemi í Evrópu, Norður- og Suður-Ameríku, Ástralíu, Asíu og Afríku, með áherslu á fjögur starfssvið: i) framleiðsla og rekstur kolvatnsefna (olíu- og gasvinnslu), ii) viðskiptavinir og vörur, iii) gas og lítt kolefnislosandi orka (m.a. endurnýjanleg orka og samþætt gas) og iv) nýsköpun og högun fyrir stafræna umbreytingu.

3. Starfsemi sameiginlega fyrirtækisins mun verða uppsetning, rekstur og viðhald á opinberu neti hleðslustöðva fyrir rafbíla með hleðsluhraða yfir 50 kW á Spáni og í Portúgal.
4. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
5. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB C 344, 29.9.2023. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.11128 – IBERDROLA/BP/JV

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbréfi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfasími: +32 22964301

Póstáritun:
European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja
(mál M.11198 – TELEPERFORMANCE/MAJOREL)

2023/EES/69/03

1. Framkvæmdastjórninni barst 18. september 2023 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Teleperformance SE („Teleperformance“, Frakklandi)
- Majorel Group Luxembourg S.A. („Majorel“, Lúxemborg), sem lýtur sameiginlegum yfirráðum Bertelsmann Luxembourg S.à.r.l., Saham Customer Relationship Investments Limited og Saham Outsourcing Luxembourg S.à.r.l., (öll Lúxemborg)

Teleperformance öðlast yfirráð sér í lagi, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Majorel í heild.

Samruninn á sér stað í gegnum yfirtökuboð.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
- Teleperformance: alþjóðlegt fyrirtæki í stafrænni viðskiptaþjónustu sem annast þjónustu í neytendaupplifun og aðra þjónustu í tengslum við viðskiptaferla.
 - Majorel: alþjóðlegur þjónustuaðili sem hannar, byggir og annast lausnir frá upphafi til enda fyrir vörumerki um allan heim.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB C 339, 26.9.2023. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.11198 – TELEPERFORMANCE/MAJOREL

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbréfi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfasími: +32 22964301

Póstáritun:
European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja

2023/EES/69/04

(mál M.11209 – ENI/NEPTUNE)

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 20. september 2023 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Eni S.p.A. („Eni Group“, Ítalíu)
- Neptune Energy Group Limited („Neptune“, Bretlandi)

Eni Group öðlast yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Neptune, að undanskildum Neptune Energy Norge AS (Noregi) og eignum Neptune í Þýskalandi.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Eni Group starfar um allan heim við leitun að, framleiðslu og sölu á olíu og gasi.
- Neptune starfar við nýtingu, flutning og sölu á olíu og jarðgasi, með áherslu á Norðursjó, Norður-Afríku og Asíu-Kyrrahafssvæðið.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾ um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB C 342, 28.9.2023. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.11209 – ENI/NEPTUNE

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbréfi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfasími: +32 22964301

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 160, 5.5.2023, bls. 1.

**Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja
(mál M.11211 – GEORG FISCHER/UPONOR)**

2023/EES/69/05

1. Framkvæmdastjórninni barst 18. september 2023 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Georg Fischer AG („Georg Fischer“, Sviss)
- Uponor Oyj („Uponor“, Finnlandi)

Georg Fischer nær yfirráðum sér í lagi, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Uponor.

Samruninn á sér stað með opinberu yfirtökuútlaboði sem tilkynnt var 12. júní 2023.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Georg Fischer er skráð félag sem stofnað var í Sviss sem starfar við þróun, framleiðslu og markaðssetningu á, m.a. lagnakerfum, mótalausnum og vinnslalausnum.
- Uponor er skráð félag sem var stofnað í Finnlandi sem starfar við hönnun, framleiðslu og markaðssetningu á pípuölgnum, hita- og kælikerfum, ásamt staðbundinni hita- og vatnsdreifingu og innviðalausnum.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB C 339, 26.9.2023. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.11211 – GEORG FISCHER/UPONOR

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbréfi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfasími: +32 22964301

Póstáritun:
European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

**Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja
(mál M.11243 – KKR/TELEFONICA/PANGEACO)**

2023/EES/69/06

Candidate case for simplified procedure

1. Framkvæmdastjórninni barst 21. september 2023 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- KKR & Co. Inc. („KKR“, Delaware, Bandaríkjunum)
- Telefónica, S.A. („Telefónica“, Spáni)
- PangeaCo S.A.C. (andlag viðskiptanna „Target“, Perú)

KKR og Telefónica ná í sameiningu yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir PangeaCo S.A.C.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- KKR er fjárfestingarfyrirtæki sem starfar um allan heim og annast eignastýringu sérhæfðra eigna og fjármagns-markaða- og tryggingalausnir.
- Telefónica er fjarskiptafyrirtæki sem starfar um allan heim og fæst við fastlínu- og farsímaþjónustu. Fyrirtækið býður upp á farsíma-, landlínu- net- og sjónvarpsþjónustu undir merkjum Movistar, O2 og Vivo. Telefónica er skráð í kauphöllum Madrid, New York og Lima.
- Andlag viðskiptanna (Target) er fyrirtæki sem var stofnað í Perú til að reka og koma á fót innviðum ljósleiðaranets til að veita fjarskiptaþjónustu í heildsölu í Perú.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾ um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB C 344, 29.9.2023. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.11243 – KKR/TELEFONICA/PANGEACO

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbréfi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfasími: +32 22964301

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 160, 5.5.2023, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja

2023/EES/69/07

(mál M.11272 – HAMBURGER ENERGIEWERKE/ANE)

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 18. september 2023 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Hamburger Energiewerke GmbH („HENW“, Þýskalandi), sem lýtur yfirráðum sjálfstjórnar- og hansaborgarinnar Hamborg í gegnum HGV Hamburger Gesellschaft für Vermögens- und Beteiligungsmanagement mbH (Þýskalandi)
- ANE GmbH & Co. KG („ANE“), sem lýtur yfirráðum ARGE-Netz GmbH & Co. KG (bæði Þýskalandi)

HENW öðlast yfirráð sér í lagi, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir ANE í heild.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- HENW starfar sem orkuveitufyrirtæki sjálfstjórnar- og hansaborgarinnar Hamborg á sviði orku- og hitaveitu, einkum við framleiðslu, kaup og sölu á hvers kyns orku.
- ANE starfar við heildsöluafhendingu á orku, einkum á endurnýjanlegri orku, þjónustu fyrir stafvæðingu á orkuframleiðslu og -afhendingu, rekstur sýndar orkuvæðinga fyrir endurnýjanlega orku og tengd starfsemi.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾ um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB C 339, 26.9.2023. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.11272 – HAMBURGER ENERGIEWERKE/ANE

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbréfi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:
European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 160, 5.5.2023, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja
(mál M.11275 – MACQUARIE/ENEL/ENEL GREEN POWER HELLAS)

2023/EES/69/08

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 19. september 2023 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Macquarie GIG Renewable Energy Fund 2 SCSp („MGREF 2 Fund“, Lúxemborg), sem lýtur yfirráðum Macquarie Infrastructure and Real Assets Europe Limited („MIRA“, Bretlandi), dótturfélag sem er alfarið í eigu Macquarie Group Limited („Macquarie“, Ástralíu)
- Enel Green Power S.p.A. („EGP“, sem lýtur yfirráðum Enel S.p.A („Enel“, bæði Ítalíu)

MGREF 2 Funds og EGP öðlast sameiginleg yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samruna-reglugerðarinnar, yfir EGP.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- MGREF 2 Fund: fjárfesting í endurnýjanlegum orkueignum, einkum á vettvangi og í vind- og sólarverkefnum á byggingar- og rekstrarstigi.
- EGP: framleiðsla orku úr endurnýjanlegum orkugjöfum um allan heim, m.a. vindorku, sólarorku, vatnsafl, jarðhita og grænu vetni auk þróunar á nýrri tækni á sviði endurnýjanlegrar orku.

3. Starfsemi EGP er sem hér segir: þróun á endurnýjanlegum orkuframleiðslueignum og framleiðsla raforku og síðan sala á framleiddu raforkunni til þriðju aðila.

4. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾ um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

5. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB C 342, 28.9.2023. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.11275 – MACQUARIE/ENEL/ENEL GREEN POWER HELLAS

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbréfi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:
European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 160, 5.5.2023, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja

2023/EES/69/09

(mál M.11276 – SWISS LIFE/SGC/EAST LONDON ENERGY/
EQUANS DE HOLDING COMPANY/IESL ASSETS/JV)

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 19. september 2023 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Swiss Life Holding AG („Swiss Life“, Sviss)
- Schroders Greencoat LLP („SGC“, Bretlandi)
- East London Energy Limited („East London Energy“, Bretlandi)
- Equans DE Holding Company Limited („Equans DE“, Bretlandi)
- Eignir Industrial Energy Services Limited („IESL Assets“, Bretlandi)

Swiss Life og SGC öðlast sameiginleg yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir East London Energy, Equans DE og eignum IESL, í heild.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Swiss Life starfar á sviði líftrygginga, sem og á sviði fjárfestinga og eignastýringar.
- SGC er sérhæft eignastýringarfyrirtæki sem einblínir á innviðageira endurnýjanlegrar orku, m.a. líforku, endurnýjanlegan varma, sólar- og vindorku.
- East London Energy og Equans DE annast þjónustu frá upphafi til enda á sviði hitaveitu og kæliiðnaðar, með áherslu á að bjóða upp á lausnir sem draga úr kolefnislosun, í ýmsum borgum í Bretlandi.
- Eignir IESL reka og viðhalda orkueignum fyrir viðskiptavinum Equans DE.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB C 342, 28.9.2023. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.11276 – SWISS LIFE/SGC/EAST LONDON ENERGY/EQUANS DE HOLDING COMPANY/IESL ASSETS/JV

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbréfi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 160, 5.5.2023, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja
(mál M.11278 – TDR CAPITAL/RING INTERNATIONAL/POPEYES UK)

2023/EES/69/10

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 19. september 2023 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- TDR Capital LLP („TDR“, Bretlandi)
- Ring International Holding AG („Ring International“, Austurríki)
- PLK Venture UK Ltd („Popeyes UK“, Bretlandi), sem lýtur yfirráðum Ring International

TDR Capital og Ring International öðlast sameiginleg yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samruna-reglugerðarinnar, yfir Popeyes UK.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- TDR Capital er framtakssjóður sem fjárfestir í margvíslegum atvinnugreinum, m.a. í fjárfestingum og eignastýringu, orkuþjónustu, menntun, líkamsræktarstöðvum, heilsuklúbbum, krám og veitingastöðvum í Bretlandi, Evrópu og Bandaríkjunum.
- Ring International er eignarhaldsfélag í eigu fjölskyldu sem starfar einkum í Evrópu og Sameinuðu arabísku furstadæmunum sem fjárfestir í fjölmörgum atvinnugreinum, einkum í framleiðslu og dreifingu á ritföngum (s.s. möppum), málmvörum fyrir iðnað (belgum, sveigjanlegum málmslöngum) og skyndibitakeðjum.
- Popeyes UK er keðja af skyndibitastöðum sem eru staðsettir á 29 stöðum í Bretlandi, sem bjóða einkum upp á steiktan kjúkling. Veitingastaðirnir eru með rekstrarleyfi frá Popeyes Louisiana Kitchen, Inc., sem er amerísk fjölpjóðleg keðja af skyndibitastöðum með steiktan kjúkling.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB C 340, 27.9.2023. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.11278 – TDR CAPITAL/RING INTERNATIONAL/POPEYES UK

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbréfi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:
European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja
(mál M.11297 – KKR/INFRACAPITAL/ZENOBE ENERGY)

2023/EES/69/11

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 15. september 2023 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- KKR & Co. Inc. („KKR & Co.“, Bandaríkjunum, auk dótturfyrirtækja sinna, „KKR“)
- Infracapital Greenfield Partners II SCSp og Infracapital Greenfield Partners II SCSpA (einu nafni „Infracapital“, Bretlandi), sem lýtur yfirráðum M&G Alternatives Investment Management Limited („MGAİM“, Bretlandi)
- Zenobe Energy Limited (andlag viðskiptanna, „Target“, Bretlandi), sem lýtur sem stendur yfirráðum Infracapital

KKR & Co. og Infracapital ná í sameiningu yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir andlagi viðskiptanna (Target).

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- KKR er fjárfestingarfyrirtæki sem starfar um allan heim og annast eignastýringu sérhæfðra eigna og fjármagnsmarkaða- og tryggingalausnir.
- Infracapital er evrópskt fjárfestingarfyrirtæki á sviði innviða.
- Andlag viðskiptanna (Target) annast lausnir frá upphafi til enda fyrir flotarafvæðingu, m.a. hleðslugrunnvirki, rafhlöðuskipti og hugbúnaðarlausnir. Að auki mun andlag viðskiptanna (Target) hanna, fjármagna, byggja og reka orkubirgðakerfi fyrir rafhlöður og annast endurnýtingu á rafhlöðum.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾ um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB C 337, 25.9.2023. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.11297 – KKR/INFRACAPITAL/ZENOBE ENERGY

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbréfi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:
European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 160, 5.5.2023, bls. 1.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja**2023/EES/69/12****(mál M.10606 – MUBADALA/NATIONALE-NEDERLANDEN/
HEALTHCARE ACTIVOS MANAGEMENT/HAY/HAISA ENTITIES/SQA)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 11. mars 2022 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32022M10606. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja**2023/EES/69/13****(mál M.11134 – NOVOFLEET/SHAREHOLDERS OF ANDAMUR/ROAD)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 14. september 2023 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32023M11134. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjótið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbæti nr. 9, 22.2.2007, bls. 62.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja
(mál M.11193 – BAOSTEEL/SAUDI ARAMCO/PIF/JV)

2023/EES/69/14

Framkvæmdastjórnin ákvað 18. september 2023 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32023M11193. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja
(mál M.11223 – PAI PARTNERS/INFRA GROUP)

2023/EES/69/15

Framkvæmdastjórnin ákvað 18. september 2023 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32023M11223. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjótið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbæti nr. 9, 22.2.2007, bls. 62.

Ríkisaðstoð – Ungverjaland**2023/EES/69/16****Ríkisaðstoð SA.63470 (2022/C) (áður 2021/N) – Svæðisbundin
fjárfestingaraðstoð í þágu Rubin NewCo 2021 Kft.****Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans
um starfshætti Evrópusambandsins**

Framkvæmdastjórnin tilkynnti stjórnvöldum í Ungverjalandi, með bréfi dags. 27. október 2022, sem birt er á upprunalegu, fullgiltu tungumáli á eftir ágrípinu í [Stjtið. ESB C 336, 22.9.2023, bls. 11](#), þá ákvörðun sína að hefja rannsókn á ofangreindri aðstoð í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

Hagsmunaaðilar hafa frest til þess að gera athugasemdir við ráðstafanirnar sem framkvæmdastjórnin hefur tekið til rannsókna í einn mánuð frá því að ágríp þetta og eftirfarandi bréf birtist ([Stjtið. ESB C 336, 22.9.2023, bls. 11](#)). Viðtakandi:

European Commission,
Directorate-General Competition
State Aid Greffe
1049 Bruxelles/Brussel
Bréfasími: + 32 2 296 12 42
Stateaidgreffe@ec.europa.eu

Athugasemdunum verður komið á framfæri við stjórnvöld í Ungverjalandi. Þeim, sem leggja fram athugasemdir og/eða hluta athugasemdanna, er heimilt að óska nafnleyndar og skulu slíkar óskir vera skriflegar og rökstuddar.

**Yfirlit um ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar um leyfi til að setja á
markað vegna notkunar og/eða notkunar efna sem talin eru upp í XIV. viðauka við
reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat,
leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar REACH)**

2023/EES/69/17

(Birt skv. 9. mgr. 64. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006) ⁽¹⁾

Ágrip eftirfarandi ákvörðunar um afturköllun leyfis hefur verið birt í *Stjórnartíðindum Evrópu-sambandsins*:

Efni	Tilvísun ákvörðunar	Dagsetning ákvörðunar	Ákvörðun felld úr gildi	Nánari upplýsingar
Natriumdíkrómat EB nr. 234-190-3, CAS nr. 10588-01-9 (vatnsfrítt), CAS nr. 7789-12-0 (díhýdrat)	C(2023) 6014	11. september 2023	C(2017) 8331	Stjtið ESB C 328, 18.9.2023, bls. 15

Ákvarðanirnar er að finna á eftirfarandi slóð á vefsetri framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins:
Authorisation (europa.eu) https://ec.europa.eu/growth/sectors/chemicals/reach/authorisation_en

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 54, 25.9.2014, bls. 1275.